


✉ Strandabyggð-skipulagslýsing

Búið til	14.1.2022 14:28:47
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	14.1.2022 14:28:46
Tilheyrir	 202112-0042 - Strandabyggð, endurskoðun á aðalskipulagi

Efni

Strandabyggð-skipulagslýsing

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	14.1.2022 14:28:46	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	skipulag@dalir.is

Innihald

Góðan dag,

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202112-0042 (LA)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulagsfulltrúa hjá Dalabyggð, Strandabyggð, Reykhólahreppi, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi, dags. 17. desember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir endurskoðun á aðalskipulagi Strandabyggðar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda skipulagslýsingu og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í henni komi fram það sem þarf að fjalla um í frekari vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Á norðanverðum Vestfjörðum eru, enn sem komið er, stór óbyggð víðerni sem er afar mikilvægt að vernda þar sem víðernum fer fækkandi í heiminum og eru nánast horfin í Evrópu. Innan skipulagssvæðis Strandabyggðar eru víðerni, miklar víðáttur, fjölbreytilegt landslagi og óraskaðar strendur. Í því felast mikil

náttúruleg verðmæti og miklir möguleikar fyrir ferðamennsku og útivist til framtíðar.

Fram kemur á bls. 7 er varðar landnýtingu að áhersla verður lögð á skógrækt. Í því sambandi þarf að huga vel að skipulagningu skógræktar, leitast við að nota innlendar trjategundir og forðast ágengar tegundir. Strandabyggð er vel gróið landsvæði og því þarf einnig að skoða ávinning skógræktar er varðar kolefnisbindingu. Mikilvægt er að vernda landslag og ásýnd Strandabyggðar, ásamt því að vernda verðmætar vistgerðir og búsvæði fugla sem þrífast ekki í eða í nálægð skógræktarsvæða.

Í kafla 4.2 um umhverfismat og áherslur, tafla 5; undir *Náttúrufar og dýralíf*, þarf að nefna svæði með mikilvægum jarðminjum s.s. steingervingum og undir *Landslag og ásýnd*, þarf að bæta inn óbyggðum víðernum.

Almennar ábendingar sem margar hafa þegar komið fram í lýsingunni en geta þó komið að notum í áframhaldandi vinnu:

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu/skipulagsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/skipulag samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (Markmið laganna), 2. gr. (Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir) og 3. gr. (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætla, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætla er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins eða hugsanlegra framkvæmda m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á að finna má ýmsar upplýsingar um náttúru Íslands á heimasíðu stofnunarinnar www.ni.is (<http://www.ni.is/>) þ.á.m. eftirfarandi gögn sem geta komið að notum:

- Fjölrit nr. 54, Vistgerðir á Íslandi, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf) og <http://ni.is/grodur/vistgerdir> (<http://ni.is/grodur/vistgerdir>) sjá jafnframt kortasjá <http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort> (<http://ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>)
- Fjölrit nr. 55, Mikilvæg fuglasvæði, <http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> (<http://ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>) og http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf).

Jafnframt er bent á að stofnunin hefur nýlega lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, að vernda skuli ákveðin svæði á landinu og að þau verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Öll svæðin má sjá hér: <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> (<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>) en einnig má skoða tillögurnar í kortasjá, <https://natturuminjaskra.ni.is/> (<https://natturuminjaskra.ni.is/>). Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segja tillögurnar því ekkert um hvort ákveðið skipulag/starfsemi falli að verndartillögu eða ekki eða hvort tillaga nái fram að ganga. Ná tillögurnar fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina. Lögð er áhersla á að hér er um faglegt álit Náttúrufræðistofnunar að ræða sem eftir á vinna úr í samræmi við lög um náttúruvernd. <http://ni.is/midlun/natturuminjaskra> (<http://ni.is/midlun/natturuminjaskra>). Finna má upplýsingar um aðferðafræði við mat á verndargildi og val á verndarsvæðum hér: <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf> (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19008.pdf>).

Einnig má finna upplýsingar um

- 61. gr. um sérstaka vernd náttúrufyribæra í lögum um náttúruvernd: <https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd> (<https://ni.is/midlun/utgafa/kort/serstok-vernd>)
- jarðfræði Íslands hér: <https://jardfraedikort.ni.is/> (<https://jardfraedikort.ni.is/>)

- vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði <https://vistgerdakort.ni.is/> (<https://vistgerdakort.ni.is/>)
- seli og selalátur við landið hér: http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf)

og kortasjá <http://selalatur.ni.is/> (<http://selalatur.ni.is/>)

Yfirlit yfir válista, plöntur og dýr, má finna hér: <https://ni.is/midlun/utgafa/valistar> (<https://ni.is/midlun/utgafa/valistar>)

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum þessa máls gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500.

[www.ni.is](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRny%2BdfM%3D&reserved=0) (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRny%2BdfM%3D&reserved=0>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Þórður Már Sigfússon" <skipulag@dalir.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Ósk um umsögn um skipulagslýsingu endurskoðunar aðalskipulags Strandabyggðar

Date: 17.12.2021 12:26:49

Náttúrufræðistofnun Íslands

Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabæ

Góðan daginn,

óskað er eftir umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands um skipulagslýsingu fyrir endurskoðun á aðalskipulagi Strandabyggðar.

Í skipulagslýsingunni er m.a. gerð grein fyrir tildrögum og tilgangi endurskoðunar aðalskipulagsáætlunarinnar, helstu viðfangsefnum, forsendum, stöðu og gildandi stefnu, samráði, tímaáætlun skipulagsferlis og umhverfismati áætlunar.

Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er lýsingin kynnt fyrir hagsmunaaðilum, fyrirtækjum og stofnunum og tækifæri gefið á að skila inn umsögnum.

Gögn skipulagslýsingar fyrir endurskoðun aðalskipulagsins er að finna í viðhengi.

Umsögnum skal vinsamlegast skilað til skrifstofu Strandabyggðar að Hafnarbraut 25, 510 Hólmavík eða á netfang embættis skipulagsfulltrúa: skipulag@dalir.is (mailto:skipulag@dalir.is) merkt „Strandabyggð-skipulagslýsing“.

Frestur til að skila inn umsögnum er til 14. janúar 2022.

Virðingarfyllst,

Þórður Már Sigfússon

Skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð, Strandabyggð, Reykhólahreppi, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi

Netfang / email: skipulag@dalir.is (mailto:skipulag@dalir.is)

Viðhengi

image001.png (11 KB)